



SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

YFIRLÝSING

Súrefni kolefnisjöfnun einsetur sér að sýna í verki samfélagslega ábyrgð, bæði í starfi og í hegðun starfsmanna. Stefna Súrefnis um samfélagsábyrgð felur í sér þrjár meginstoðir:

Loflagsaðgerðir, ábyrga verkefnastjórnun og upplýsingu almennings.

Hlutverk Súrefnis er að stuðla að upplýstu samtali um aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja í sínum sjálfbærnimálum, ábyrga kolefnisjöfnun í samfélaginu og að vinna að sköpun og uppvexti ábyrga og sjálfbærra verkefna sem koma í veg fyrir eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarra skaðlegra efna.

Loflagsaðgerðir: Á landi og í hafi

Ýmis dæmi eru um verkefni Súrefnis á ýmsum stigum þróunar; söfnun plasts úr hafi við strendur Íslands og Portúgals, skógrækt á Íslandi, uppsetning á hleðslustöðvum fyrir rafbíla, uppsetning á sólarcellum í Gambíu og söfnun og brennsla metangass í Búlgaríu.

Ofangreind verkefni stuðla að atvinnusköpum í hátekju- og látekjulöndum víðsvegar um heiminn, sköpun og uppvexti á sjálfbærum verkefnum sem auðga og betrubæta samfélagið í heild og að alþjóðlegri samvinnu að markmiðum Parísarsáttmálans er varðar hlýnun jarðar.

Þau verkefni sem Súrefni kolefnisjöfnun býður vottaðar kolefniseiningar út frá, hvort sem það sé með milligöngu, með verkefnastjórnun eða með nýsköpun verkefna, fara öll eftir grunnkröfum ISO 14064 alþjóðastaðli um ábyrga kolefnisjöfnun og ennfremur eftir kröfum ÍST TS 92 íslenskum staðli um ábyrga kolefnisjöfnun á Íslandi. Hér ber helst að nefna kröfur um viðbætanleika (e. additionality), varanleika (e. permanence), staðfestingu (e. validation), sannprófun (e. verification) og skráningu (e. registration).

Ennfremur er vottun allra kolefniseininga framkvæmd af viðurkenndum vottunaraðilum samkvæmt skilyrðum ISO 14065, bestu fyrirliggjandi gögnum og kolefnisútreikningum. Helstu tegundir eininga skulu vera frá CDM CER, VERRA-VCS, BioCarbon Registry, Gold Standard, CTX UN CER og ICR.

Ábyrg verkefnastjórnun: Starfsmannastefna

Meginmarkmið starfsmannastefnu Súrefnis er að félagið hafi á að skipa hæfu, heiðarlegu og umhverfisþenkjandi starfsfólki. Menntunarstig starfsmanna félagsins er hátt og kröfur til starfsmanna miklar. Ennfremur er rík áhersla á möguleika starfsmanna að uppskera vel fyrir góða vinnu og hafa allir starfsmenn möguleika á að öðlast hlut í félaginu fyrir vel unna vinnu.

Stjórn Súrefnis einsetur sér að horfa einvörðungu til hæfni starfsmanna þegar kemur að ráðningu. Ákvarðanir um starfsmannaráðningu eru alfarið teknar án tillits til kyns, kynþáttar eða pólitískra skoðanna og fara eingöngu eftir hæfni einstaklingsins til að sinna þeim verkefnum sem þeirra starfslýsing endurspeglar.

Starfsmenn, stjórnarmeðlimir og hluthafar Súrefnis hafa verið á aldursbilinu 20-65, jafnt konur sem karlar og frá þremur upprunalöndum.

Ábyrg verkefnastjórnun: Verkefnaval

Verkefni eru fyrst og fremst valin út frá háþörfun árangurs í loftlagsaðgerðum en einnig er horft til hinna 17 Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við verkefnaþróun. Unnið er út frá nýjustu rannsóknum og niðurstöðum vísindamanna um loftlagsbreytingar og þær aðgerðir sem hafa sýnt sig í baráttunni við hlýnun jarðar.

Upplýsing almennings: Vefur, markaðsmál og snjallforrit

Súrefni Kolefnisjöfnun heldur uppi viðtækri og upplýsingaríkri vefsíðu (www.surefni.is) sem er gerð í þeim tilgangi að tala um ábyrgar aðgerðir í loftlagsmálum á mannamáli og að kynna ábyrga kolefnisjöfnun á Íslandi. Lögð er áhersla á að allir, bæði fyrirtæki og einstaklingar, sjái sér fært að nálgast upplýsingar með auðveldum hætti og jafnframt að auðvelda notendum að draga úr eigin kolefnisspori með skjótum og raunverulegum hætti.

Súrefni kynnir reglulega aðgerðir í fjölmiðlum og tengir sig við helstu hagsmunaaðila og aðila á markaði loftlagsaðgerða á Íslandi.

Súrefni heldur einnig úti snjallforriti fyrir ferðamenn sem býður ferðamönnum upp á möguleikann að ferðast á Íslandi með sjálfbærum hætti og kallast forritið Breathe ICELAND.